

4. Gildistaka og gildistími.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað og gildir til næstu 10 ára frá útgáfudegi.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Allt frárennsli skal geymt í lokuðum geymum eða þróm eftir 30. september 1988, sbr. 2.4. gr., og skal framkvæmdum þar að lútandi lokið fyrir þann tíma.
- 5.2. Frágangi loftræstikerfis frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðjunni sbr. gr. 2.8., skal lokið fyrir 31. desember 1987.
- 5.3. Kæli- og þvottaturn fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. gr. 2.10., skal þannig búinn að hann kæli útblásturinn niður í a. m. k. 20°C. Lagfæringum hér að lútandi skal lokið fyrir 30. desember 1987.
- 5.4. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli, sbr. gr. 2.14., skal lokið fyrir 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júní 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 343 frá 18. júlí 1986
um Iðnþróunarsjóð.****1. gr.**

Síðasta málsgrein 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir heimildir í ákvæðum 4. liðar c) og 2. og 3. mgr. sama liðar samningsins og samsvarandi starfsliðs og mgr. hér að framan um kaup sjóðsins á hlutabréfum í fyrirtækjum eru þær heimildir takmarkaðar, þar til annað verður nánar ákveðið, við að kaupa hlutabréf í hlutafélögum sem ríkið á hlut í og stofnuð eru með heimild í lögum eða samkvæmt sérstakri ríkisstjórnarsamþykkt, svo og við kaup á hlutabréfum í fjárfestingarfélögum. Breyting á þessu ákvæði reglugerðarinnar skal háð samþykki iðnaðarráðherra Norðurlandanna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Iðnþróunarsjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra Norðurlandanna, staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 43 frá 23. maí 1980 og lögum nr. 59 frá 19. júní 1985, til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júní 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Páll Flygenring.